

Mánudaginn 3. desembermánaðar.

Nr. 20/1894:

Benedikt prestur Kristjánsson fyrir
hönd Grenjaðarstaðarkirkju
gegn
eigendum Mýlaugsstaða.

D ó m u r :

Í landamerkjamáli þessu milli bænda eignarinnar Mýlaugsstaða og Grenjaðarstaðar kirkjujarðarinnar Syðra-Fjalls var dómur uppkveðinn í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu 31. maí f. á. á þá leið, að merki milli jarðanna skuli vera: »Bein stefna úr króknum á Eyvindarlæk yfir Vaðhól, þar sem hann er hæstur, og í vörðu þá sem stendur austan í Mýlaugsstaðahálsi, og enn sömu línu allt vestur að Skriðulandamerkjum«. — Dagpeningar dómsmanna, samtals 93 kr., ásamt ferðakostnaði oddvita merkjadómsins eptir reikningi skyldi að hálfu greiðast af sóknaraðilum, eigendum Mýlaugsstaða, en að hálfu úr landssjóði, með tilliti til þess, að umráðamaður Syðra-Fjalls hafði fengið gjafsókn í málinu. Með því að merkjadómendurnir í þessum dómi sínum höfðu tekið til greina merkjakröfu eigenda Mýlaugsstaða, hefur sóknarpresturinn á Grenjaðarstað, sjera Benedikt Kristjánsson, sem umráðamaður Syðra-Fjalls áfrýjað dóminum til yfirjettarins með stefnu, útgefinni 12. maí þ. á., og hefur hann fengið gjafsókn til þess og skipaðan málflytningismann. Hefur málflytningismaðurinn hjer fyrir rjettnum gjört þá kröfu, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða allan málskostnað fyrir undirjetti og yfirdómi, eins og málið væri

ekki gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflutningslaun til hans. Á hinn bóginn hafa hinir stefndu, eigendur Mýlaugsstaða, krafizt þess, að merkjadómurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir yfirdómi með einhverri nægilegri upphæð.

Áfrýjandinn hefur haldið því fram að landamerkin milli jarðanna eigi að vera: »Frá Eyvindarlækjarvaði eptir garði þeim, er þaðan liggur til Kerlingarkíls, þaðan beina stefnu upp í keldu þá, sem liggur utanundir Mýlaugsstaðaborg, og úr keldunni beina stefnu upp fjallið í sunnanverðan enda miðhjallans upp á há-háls«. Jafnframt hefur hann tekið það fram, að merkjadómurinn muni hafa farið út fyrir landamerkjakröfur hinna stefndu, þar sem hann kveði svo á: »og enn sömu línu allt vestur að Skriðu-landamerkjum«. En þetta verður þó eigi álitid, þegar nákvæmlega er athugað merkjalýsing þeirra (rskj. nr. 3 í merkjadómsgjörðunum), þótt hún sje lítið eitt öðru vísi orðuð en dómurinn sjálfur, sbr. orðin: »Þaðan ræður bein stefna vestur í garðinn, sem áður er getið, o: garðinn mikla, sem greinir merki Skriðu-lands og Mýlaugsstaða«. Við málsmeðferðina í hjeraði hefur áfrýjandi sjerstaklega athugað, að það sjáist eigi af dómsskjölunum, að málsaðilar hafi verið við merkjagönguna eða gengið á merkin með dómsmönnum samkv. landamerkjalögum 17. marz 1882, 10. gr., og að afstöðuuppdráttur hafi eigi verið framlagður í merkjadóminum. Í þessu efni skal þess getið, að þar sem málsaðilar mættu við þau 2 rjettarhöld, sem framfóru sama daginn og merkjagangan, annað á undan henni og hitt á eptir henni, verður að ætla að þeir hafi verið við hana eða að minnsta kosti átt kost á að vera við

hana, þótt eigi sje neitt bókað skýlaust um það; og að eigi pykir þörf á afstöðuuppdrætti í málinu, með því að merkjakröfur aðilanna eru glöggar og auðskiljanlegar og ágreiningsefnið sjálft ljóst, þótt uppdráttur af þrætulandinu sje eigi með skjölum málsins.

Að því er aðalefni málsins, sjálfa merkjasetninguna snertir, verður að fallast á þá ályktun merkjadómsins að hvorugur málsaðila hafi sannað eignarrjett sinn, að þrætulandinu, eða lögmæti sinnar merkjalýsingar. Sjerstaklega skal það athugað, að undirrjettarskjalið nr. 15, sem fram hefur verið lagt af hálfu áfrýjanda, og á að vera útdráttur úr lögfestu Jóns Benediktssonar frá 21. júní 1746 og Jóns Jónssonar frá 18. maí 1759, er allsendis ómerkt, enda er það óstaðfest, óundirskrifað og ódagsett. Þá er og eigi heldur útdrátturinn úr máldögum Múlakirkju (undirrjettarskjal nr. 29) sönnun fyrir rjetti áfrýjanda til þrætulandsins, því að þó að þar standi, að kirkjan eigi »Fjallsland með öllum Valahrís-um«, þá er eigi sannað að Valahrísar nái yfir eða inn á þrætulandið, en því hafa hinir stefndu mótmælt. Hin mörgu vottorð ýmsra manna, er fram hafa verið lögð í málinu, um það hver landamerki vottorðsgefendurnir hefðu heyrt talin milli jarðanna eða hver þeir álitu þau vera, eru eigi styrkari á aðra hliðina en hina, svo að eigi verður dómur byggður á þeim, og að því er notkun þrætulandsins snertir, sanna þau ekki annað en það, að það hafi verið notað til beitar frá báðum jörðunum sameiginlega, og að einnig hafi verið heyjað í því frá báðum jörðunum, en þó sjer í lagi frá Syðra-Fjalli, en svo löguð afnot beggja jarðanna geta eigi haft áhrif á úrslit málsins.

Samkvæmt hinu framanritaða verður hinum áfrýj-

aða merkjadómi eigi hrundið fyrir þá skuld, að hann hefur ákveðið landamerkin eptir álitum með tilliti til afstöðu, landslags og staðháttu þrætulandsins og aðliggjandi jarða, og með því að eigi er annars ástæða til að fella hann úr gildi, verður að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirretti þykir rjett að falli niður, og verða hinum skipaða málflutningsmanni áfrýjanda eigi dæmd málsfærslulaun eptir þessum úrslitum, en það vottast að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn þess fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 29/1894: Stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum
 gegn
 prófasti Zóphoniasi Halldórssyni og
 hreppsnefnd Hólahrepps.

D ó m u r:

Eptir að hafa fengið uppreisnarleyfi, gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann hefur áfrýjandinn, stjórnarnefnd búnaðarskólans á Hólum, skotið til yfirdómsins fógetarjettarúrskurði Skagafjardarsýslu, uppkveðnum 17. jan. þ. á., og lögtaksgjörð, er sama dag var framkvæmd samkvæmt úrskurðinum fyrir presttíund og fátækratíund af Hólum fardagaárið 1892/93, og hefur áfrýjandinn krafizt þess, að lögtaksgjörðin (og úrskurðurinn) verði dæmd ómerk ex officio, eða til vara að hún verði felld úr gildi, og að hinir stefnda verði í báðum tilfellunum